

Aðalfundur Öldrunarráðs Íslands

27. maí 2011

Hrafnista Kópavogi



Öldrunarráð Íslands




Öldrunarráð Íslands

Dagskrá aðalfundar

- Hefðbundin aðalfundarstörf
- Afhending viðurkenningar Öldrunarráðs fyrir störf að málefnum aldraðra
- Önnur mál

- Erindi frá gesti fundarins
Sigurveig H. Sigurðardóttir fjallar um könnun á óformlegri og formlegri þjónustu við eldri borgara á Ísland.

- Kaffiveitingar




Öldrunarráð Íslands

- Alþýðusamband Íslands
- Bændasamtök Íslands
- Velferðarsvið Reykjavíkurborgar
- Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili
- Sjómannadagsráð/Hrafnista
- Akureyrarkaupstaður
- Bandalag kvenna í Reykjavík
- Biskupsstofa
- Blindrafélagið
- Dvalarheimilið Ás
- Félag aðstandenda Alzheimersjúkra (FAAS)
- Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
- Félag stjórnenda í öldrunarþjónustu
- Garðabær
- Hafnafjarðarkaupstaður

Aðildarfélögin 31


- Kópavogsbær
- Kvenfélagasamband Íslands
- Landsamband eldri borgara
- Landssamtök lífeyrissjóða
- Rauði krross Íslands
- Samband íslenskra sveitarfélaga
- Samtök atvinnulífsins
- Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja
- Sálfræðingafélag Íslands
- Skjól, hjúkrunarheimili
- Sunnuhlíð, hjúkrunarheimili
- Sveitarfélagið Árborg
- Sveitarfélagið Skagafjörður
- Öldrunarfræðafélag Íslands
- Tryggingastofnun ríkisins
- Öryrkjabandalag Íslands



Öldrunarráð Íslands

Aðalfundur 26. maí 2010

- Síðasti aðalfundur haldinn 26. maí 2010
 - Haldinn í Borgum, safnaðarheimili Kópavogskirkju
- Í stjórn ÖÍ sitja 9 fulltrúar
 - 5 nýjir aðilar kjörnir í stjórn á aðalfundinum



Öldrunarráð Íslands

Stjórn ÖÍ 2010-2011


- Pétur Magnússon formaður frá Sjómannadagsráði/Hrafnistu
- Berglind Magnúsdóttir varaformaður frá Sálfræðingafélagi Íslands
- Dagmar Huld Matthíasdóttir gjaldkeri frá Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð
- Aðalbjörg Traustadóttir ritari frá Reykjavíkurborg
- Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir meðstjórnandi frá sveitarfélaginu Árborg
- Helgi K. Hjálmsón meðstjórnand frá Landsambandi eldri borgara
- Ingibjörg Þórisdóttir meðstjórnandi frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga
- Jón H. Magnússon meðstjórnandi frá Samtökum atvinnulífsins
- Linda Baldursdóttir meðstjórnandi Alpýðusamband Íslands
- Margrét Guðmundsdóttir starfsmaður Öldrunarráðs Íslands



Öldrunarráð Íslands

Helstu atriði í starfinu 2010-2011

1. Viðurkenning Öldrunarráðs 2010
2. Stefnumótunarfundur nýrrar stjórnar
3. Samstarfsnefnd um málefni aldraðra
4. Úthlutanir úr rannsóknasjóði Öldrunarráðs
5. Ráðstefna Öldrunarráðs og Öldrunarfræðafélags Íslands
6. Fundur með ráðuneytisstjóra – kynning á velferðarráðuneyti
7. Fyrirspurn til Velferðarráðuneytis: Niðurskurður í öldrunarmálum
8. Erlent samstarf um þá eldri á vinnumarkaði
9. Blaðið ALDUR
10. Skipan í nefnd –málefni aldraðra frá ríki til sveitarfélaga
11. Gleðidagar – með Rauða krossi Íslands
12. Annað: T.d. umsagnir um frumvörp, heimsóknir til aðildarfélaga og nýjungar í öldrunarmálum



Öldrunarráð Íslands

Viðurkenning Öldrunarráðs 2010

- Afhent á aðalfundi ÖÍ 26. maí 2010
- Dvalarheimilið Blesastaðir á Skeiðum fær viðurkenningu fyrir frábært starf í þágu aldraðra
- Stofnað af Ingibjörg Jóhannsdóttur
- Hildur Hermannsdóttir forstöðumaður, dóttir Ingibjargar, tók við viðurkenningunni



Öldrunarráð Íslands

Stefnumótunarfundur stjórnar í sept


- Mikil endurnýjun í stjórn
 - 5 af 9 stjórnarmönnum koma nýjir inn
- Haldinn í Hveragerði – komast burt úr bænum
 - Friður og ró, eiga góðan tíma til að ræða málin
- Markmið og hlutverk skoðuð og rædd
 - Fróðlegar umræður – mjög ólík sjónarhorn
 - Hvernig á að haga starfinu til að uppfylla sem best hvert markmið fyrir sig?
 - Skipulagning helstu þátta starfsársins



Öldrunarráð Íslands

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra


- Öldurnarráð á 1 fulltrúa í Samstarfsnefnd um málefni aldraðra
 - Nefndin er jafnframt stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra
 - Samstarfsnefnd um málefni aldraðra
 - Rannveig Guðmundsdóttir, formaður (ráðherraskipun)
 - Ólafur Gunnarsson, fulltrúi heilbrigðisráðuneytis
 - Ragnheiður Hergeirsdóttir, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga
 - Unnar Stefánsson, fulltrúi Landsambands eldri borgara
 - Pétur Magnússon, fulltrúi Öldrunarráðs Íslands
 - Björn Valur Gíslason, fulltrúi fjárlaganefndar



Öldrunarráð Íslands

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra

- Nefndin fundar að jafnaði 1 sinni í mánuði tímabilið september - maí
- Helstu verkefni vetrarins:
 - Gefa álit á endurskoðun laga um Framkvæmdasjóð aldraðra
 - Skoðuð yfirlit yfir úthlutanir úr Framkvæmasjóði aldraðra síðustu 10 ár
 - Fylgjast með nýju skipulagi Velferðarráðuneytis
 - Umfangsmest: Að fara yfir umsóknir í Framkvæmdasjóð aldraðra 2011 og ákveða úthlutanir




Öldrunarráð Íslands

Úthlutun úr Rannsóknasjóði ÖÍ 2010

- Aðalhvatamaður að stofnun sjóðsins var Gísli heitinn Sigurbjörnsson, forstjóri hjúkrunarheimilisins Grundar. Venja hefur verið að úthluta úr sjóðnum í námunda við afmælisdag Gísla, sem er 29. október.
- Rannsóknasjóðurinn hefur það hlutverk að styðja við bakið á rannsóknum í öldrunarmálum á Íslandi auk sérstakra verkefna annarra í málaflokknum, sem stjórn sjóðsins metur til þess fallin hverju sinni.
- Á þessu ári barst stjórn Öldrunarráðs fjöldi umsókna vegna afar áhugaverðra rannsókna í öldrunarmálum. Vandasamt verk að velja þær umsóknir sem ákveðið var að veita styrki fyrir árið 2010.





Öldrunarráð Íslands

Úthlutun úr Rannsóknasjóði ÖÍ 2010



Að þessu sinni var veitt úr sjóðnum samtals 950 þúsundum króna til fjögurra aðila.

- **Brynhildur Jónsdóttir**, sem stundar meistaranám í sálfræði við Háskóla Íslands hlaut þrjú hundruð þúsund króna styrk vegna MS-verkefnis síns, þar sem hún rannsakar mynstur heilarita í vægri vitrænni skerðingu.
-
- **Guðrún Hallgrímsdóttir**, deildarstjóri iðjubjálfunar og félagsstarfs Hrafnistu í Hafnarfirði, hlaut tvö hundruð og fimmtíu þúsund króna styrk vegna rannsóknar sinnar á karlmönnum og karlmennsku á dvalar- og hjúkrunarheimilum sem hún er að gera í samnorrænu meistaranámi í öldrunarfræðum við Háskóla Íslands.
- **Helga Atladóttir**, hjúkrunarforstjóri á Höfða á Akranesi, stundar meistaranám í hjúkrunarstjórnun við hjúkrunarfræðideild í Háskóla Íslands. Henni voru veittar þrjú hundruð þúsund krónur í styrk vegna rannsóknar sinnar á heilsufari og færni aldraðra með einkenni heilabilunar á hjúkrunardeildum á Íslandi og gæðum þeirrar hjúkrunar sem þeir njóta.
-
- **Hrefna Brynja Gísladóttir**, iðjubjálfi á Akureyri. Hún hlaut eitt hundruð þúsund króna styrk til að sækja námskeið til kennsluréttinda í aðferðinni „Spark of life“ eða lífsneistanum eins og hún hefur verið kölluð hér á landi. Um nýlega aðferðafræði er að ræða, sem er sérstaklega ætluð til að virkja heilabilaða til aukinnar virkni og þátttöku í lífinu.



Öldrunarráð Íslands

Ráðstefna ÖÍ og Öldrunarfræðafélagsins


- “Fíkn á efri árum”
- Haldin 24. mars 2011 á Grand hótél
- Metnaðarfull, heilsdags ráðstefna
 - Ávarp velferðarráðherra, erindi frá ýmsum sérfræðingum
- Um 100 manns mættu og gekk mjög vel



Öldrunarráð Íslands

Nýtt ráðuneyti öldrunarmála - Velferðarráðuneytið

- Varð til um áramótin 2010/2011 þegar heilbrigðisráðuneyti og félags- og tryggingamálaráðuneyti runnu saman í eitt
- Er ráðuneyti öldrunarmála
- 16. mars fundaði stjórn Öldrunarráðs með Önnu Lilju Gunnarsdóttur ráðuneytisstjóra og fleiri fulltrúum ráðneysisins þar sem skipurit og skipulag ráðneysisins var kynnt



Öldrunarráð Íslands

Fyrirspurn til Velferðarráðuneytisins

- Í ársbyrjun var mikil umræða um niðurskurð ríkisins til öldrunarmála
 - Stjórnarmenn höfðu áhyggjur
- Engin svör borist ennþá!**
- Ákveðið að senda bréf til Velferðarráðherra þar sem spurt var:
 - Með bréfi þessu óskar stjórn Öldrunarráðs Íslands eftir yfirliti frá ráðuneytinu hver heildarskerðing í málaflokki öldrunarmála er á árinu 2011 miðað við síðasta ár, sérstaklega varðandi þjónustubætti til þeirra sem mesta þjónustu þurfa.
 - Hver er fækkun hjúkrunar-, dvalar- og dagvistunarrýma á þessu ári miðað við fyrra ár?
 - Hver er raunlækkun á fé framkvæmdasjóðs aldraðra milli árána 2010 og 2011?
 - Hafa framlög til heimaþjónstu og heimhjúkrunar verið aukin milli ára, í samræmi við þá stefnu að fólk eigi að vera sem lengst heima og þiggja þjónustu þar, frekar en að flytja á dvalar- eða hjúkrunarheimili?
 - Upplýsingar um önnur mikilvæg atriði en hér að ofan eru talin, væru vel þegnar.



Öldrunarráð Íslands

Erlent samstarf um þá eldri á vinnumarkaði

- Á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar er starfandi vinnuhópur sem fjallar um stöðu og vellíðan eldra fólks (45+) í atvinnulífinu.
- Fulltrúi Íslands er Bernharður Guðmundsson tilnefndur af Öldrunarráði Íslands og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.
- Hópurinn hefur skilað ítarlegri skýrslu um kjör og væntingar eldra starfsfólks, ekki síst með tilliti til fræðslu og símenntunar.



Öldrunarráð Íslands

Erlent samstarf um þá eldri á vinnumarkaði


- Á þessu starfsári hefur hópurinn unnið að rannsókn á viðhorfum aðila vinnumarkaðarins til fræðslu eldri starfsmanna, um stefnumótun þar og framtíðarsýn.
 - Sendir voru spurningalistar til helstu samtaka atvinnulífsins á Norðurlöndum, niðurstöður teknar saman og birtast í skýrslu sem er í prentun.
- Hérlandis hafa þeir aðilar sem sáu um svörun spurningalistanna myndað vinnuhóp sem vill fylgja þessu eftir.
 - Hafa þau þegar gengist fyrir málþingi þar sem niðurstöður voru kynntar og rætt um úrræði og möguleika til umbóta.
 - Annað slíkt málþing með starfsmannastjórum er áformað í haust



Öldrunarráð Íslands

Útgáfa blaðsins “ALDUR”


- Tilgangur: Að fjalla um ímynd aldraðra á jákvæðan hátt – líf og störf
 - Jákvæðar og áhugarverðar greinar
- Í ritstjórn: Pétur, Berglind og Guðlaug
- Að mestu fjármagnað með auglýsingum
- Samvinnuverkefni með Landsambandi eldri borgara
- Fylgirit með Morgunblaðinu 30. apríl 2011
- Mjög góðar viðtökur – hjá langflestum



Öldrunarráð Íslands

Nefnd um flutning málefna aldraðra frá ríki til sveitarfélaga

- Til stendur að flytja málaflokkinn málefni aldraðra frá ríki til sveitarfélaga
 - Á að gerast árið 2012 en nú er ljós að því verður frestað eitthvað, amk til ársins 2013
- Velferðarráðaneytið hefur nú skipað nefnd til að vinna að undirbúningnum
 - Öldrunarráði Íslands boðið að skipa fulltrúa
 - Berglind Magnúsdóttir, varaformaður, verður fulltrúi Öldrunarráðs Íslands í nefndinni



Öldrunarráð Íslands

Gleðidagar Rauða krossins

- Skemmtilegt verkefni sem gengur út á að brúa kynslóðabilið – tengja saman unga og aldna
- Öldrunarráð hefur stutt verkefnið síðustu ár
- Helgi meðstjórnandi frá Landsambandi eldri borgara er tengiliður Öldrunarráðs við verkefnið



Öldrunarráð Íslands

Önnur áhugaverð atriði

- Stjórnin fundaði 11 sinnum á starfsárinu
- Stjórnin heimsótti nokkur aðildarfélög
 - Hélt áfram hefð fyrri stjórnar
- Stjórnin kynnti sér nýjungar í öldrunarþjónustu
 - Heimsótti hjúkrunarheimili með nýrri hugmyndafræði
 - Hrafnista Kópavogi, Mörkin

Aðalfundur Öldrunarráðs Íslands

27. maí 2011

Hrafnista Kópavogi



Öldrunarráð Íslands